

## **Sp. 90. Tillaga til þingsályktunar**

um húsnæði handa alþingismönnum.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Jón Pálmason, Sigurður E. Hlíðar, Sveinbjörn Högnason, Páll Hermannsson, Ísleifur Högnason, Einar Árnason, Þorsteinn Þorsteinsson, Helgi Jónasson, Ingvar Pálmason, Steingr. Aðalsteinsson, Björn Björnsson, Páll Þorsteinsson, Gísli Sveinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að tryggja alþingismönnum þeim, sem eiga heima utan Reykjavíkur, húsnæði yfir þingtímann framvegis.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Á tveim undanförunum þingum og eins á þingi því, er nú stendur yfir, hafa utanbæjarþingmenn átt mjög erfitt með að fá sér húsnæði yfir þingtímann og sumum þeirra alls ekki tekizt að fá leigt herbergi, heldur orðið að dvelja sem gestir á heimilum vina og vandamanna. Er með öllu óviðunandi, að þingmenn þurfi að nota sér þannig gestrisni einstakra heimila og þrengja að heimilisfólki, þó ekki hafi verið yfir því kvartað. Auk þess hafa þeir ekki með þessu móti þau vinnuskilyrði, sem nauðsynleg eru. Og þó að þetta hafi tekizt hingað til, t. d. nú í sumar, vegna þess að fólk hefur verið fjarverandi úr bænum af þessum heimilum, er engin trygging fyrir því, að allir þingmenn fái nokkurt húsnæði á næsta þingi, ef sama ástand helst.

Framtíðarlausn á þessu máli virðist vera sú, eins og fram hefur komið, að sérstakt hús verði reist fyrir þingmannabústað. En eins og nú er ástatt, er ekki hægt að biða eftir þeim framkvæmdum, og er því hér lagt til að gera bráðabirgðaráðstafanir til að bæta úr brýnustu þörf.